



Umhverfisstefna í rekstri HÍ

Hlutverk

Háskóli Íslands er í fararbroddi íslenskra háskóla og virkur þátttakandi í alþjóðlegu vísinda- og fræðasamfélagi ásamt íslensku samfélagi og atvinnulífi. Hlutverk Háskólans er þríþætt, rannsóknir, nám og kennsla og virk þátttaka, og snerta umhverfismál alla þættina.

Skólinn leggur áherslu á sjálfbærni og umhverfismál á öllum sviðum skólans með samhæfingu á verklagi innan sviða og deilda skólans.

Ábyrgð og gildissvið

Rektor Háskóla Íslands og háskólaráð bera ábyrgð á umhverfisstefnu og innleiðingu hennar. Stjórnendur á hverju sviði bera ábyrgð á að stefnunni sé fylgt. Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Háskóla Íslands.

Stefna

Það er stefna Háskóla Íslands að lágmarka umhverfisáhrif frá starfseminni, vernda umhverfið og koma í veg fyrir mengun. HÍ leggur áherslu á að safna þekkingu um umhverfismál, miðla þekkingu til nemenda og út í samfélagið. HÍ fylgir lögum og reglugerðum í umhverfismálum auk þess að ganga lengra þegar við á með stöðugar umbætur að leiðarljósi.

HÍ fylgist með árangri starfseminnar í umhverfismálum og hefur sett sér umhverfismarkmið sem eiga við um starfsfólk og nemendur með áherslu á:

- Innleiðingu grænna skrefa í starfsemina og vottaða umhverfisstjórnun
- Fara vel með auðlindir
- Velja umhverfisvæna kosti aðfanga og stuðla að aukinni sjálfbærni
- Lágmarka magn úrgangs og hámarka endurvinnslu úrgangs
- Vistvæna hönnun nýbygginga samkvæmt viðurkenndum stöðlum
- Skipulag háskólasvæðisins og ytra umhverfis skólans sé umgjörð fyrir góða útiveru
- Fræðslu og samstarf við starfsfólk og nemendur um umhverfismál og hvetja til aukins árangurs á því sviði
- Ná samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda

Vísað er einnig í núverandi sjálfbærni- og umhverfisstefnu Háskóla Íslands.



Framtíðarsýn

Háskóli Íslands ætlar sér að vera háskóli í fremstu röð. Virk þátttaka í umhverfis- og sjálfbærnimálum eru hluti af þeirri vegferð og leitar skólinn markvisst leiða til að auka skilning og þekkingu fólks á umhverfismálum og sjálfbærni jafnt innan skólans sem utan. Skólinn býr starfi að sjálfbærni og umhverfismálum trausta og formlega umgjörð með það að markmiði að samhæfa verkefni, hvetja til frekari aðgerða og fylgjast með árangri.

Markmið

Markmið í umhverfismálum hafa verið skilgreind ásamt aðgerðum og ábyrgðaraðilum sbr. [SKR-0463](#).

Eftirfylgni

Til þess að tryggja að markmiðum stefnunnar sé fylgt er gerð markmið og aðgerðaáætlun [SKR-0463](#) þar sem tilgreindir eru ábyrgðaraðilar og eftirfylgni. Rýni stjórnenda á stjórnkerfi skv. [VLR-0060](#) fer yfir árangur í umhverfismálum með tilliti til markmiða og eftirfylgni.

Tilvísanir

- [SKR-0463 Umhverfismarkmið í rekstri og aðgerðaáætlun](#)
- [VLR-0060 Rýni stjórnenda á stjórnkerfi](#)
- Núgildandi Sjálfbærni- og umhverfisstefna 2012:
https://www.hi.is/sites/default/files/atli/pdf/kynningar/baeklingar/sjalbbaerni_og_umhverfisstefna_hi_2012.pdf